



Giljaskóli  
v/Kiðagil  
603 Akureyri

S: 462 4820  
F: 461 3640

giljaskoli@akureyri.is  
www.giljaskoli.is

# Áætlun Giljaskóla gegn einelti

Endurskoðuð í okt. 2009

## Efnisyfirlit

1. Stefnuyfirlýsing Giljaskóla	2
2. Hvað er einelti?	2
Einelti getur verið:	2
3. Aðgerðateymi	2
4. Forvarnir til að koma í veg fyrir einelti	2
Áherslur skólans og almennar fyrirbyggjandi aðgerðir:	2
Ábendingar til umsjónarkennara	3
5. Ferli eineltismála	4
Könnunarferli	4
Aðgerðaferli	4
Mikilvægt er að:	5
Aðgerðaáætlun getur m.a. falið í sér:	5
6. Foreldrar – er barn ykkar lagt í einelti?	5
7. Foreldrar - er barn ykkar gerandi?	6
8. Foreldrar - fylgist með samskiptum barna	6
9. Heimasíður og efni um eineltismál:	7

## 1. Stefnuyfirlýsing Giljaskóla

Starfsfólk Giljaskóla lýsir því yfir að hvorki einelti né annað ofbeldi er liðið í skólanum. Leitað er allra leiða til að fyrirbyggja einelti og áhersla lögð á að leysa þau mál sem upp koma á farsælan hátt. Giljaskóli á að vera öruggur vinnustaður þar sem starfið mótast af umhyggju, ábyrgð og lífsgleði. Stefnt að því að nemendur læri að setja sig í spor annarra, sýna umburðarlyndi og bera virðingu fyrir öðrum.

## 2. Hvað er einelti?

Einelti er endurtekið ofbeldi, líkamlegt eða andlegt, þar sem einn eða fleiri níðast á öðrum, sem á erfitt með að verjast. Einelti getur birst í ýmsum myndum þótt algengast sé að flokka það í tvo flokka, andlegt og líkamlegt.

Einelti getur verið:

Líkamlegt: barsmíðar, spörk, hrindingar eða skemmdarverk Munnlegt:

uppnefni, niðrandi athugasemdir og endurtekin stríðni Skriflegt:

tölvuskeyti, sms-skilaboð, blogg síðuskrif, krot og bréfasendingar Óbeint:

baktal, útskúfun eða útilokun úr félagahópi

Efnislegt: eigum barnsins stolið eða þær eyðilagðar

Andlegt: þegar barnið er þvingað til að gera eitthvað sem stríðir algjörlega gegn réttlætiskennð þess og sjálfsvirðingu.

Einelti er ofbeldi sem getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér bæði fyrir þolanda og geranda. Andlegt ofbeldi, eða áreiti, hefur oft verri afleiðingar í för með sér en líkamlegt. Einelti hefur iðulega alvarleg áhrif á nám, líðan og félagsþroska einstaklinga.

## 3. Aðgerðateymi

Aðgerðateymi hefur umsjón með og sinnir faglegri forystu í eineltismálum innan skólans og veitir kennurum, nemendum og foreldrum leiðsögn.

Í aðgerðateymi eru:

Skólastjóri

Aðstoðarskólastjóri

Deildarstjóri

Námsráðgjafi

## 4. Forvarnir til að koma í veg fyrir einelti

Mikilvægt er að börn séu alin upp við jákvæða athygli. Í Giljaskóla er stefnt að því að nemendur læri að setja sig í spor annarra, sýna umburðarlyndi og bera virðingu fyrir öðrum. Sjálföruggt barn er síður líklegt til að vera lagt í einelti og er betur í stakk búið til að takast á við stríðni og einelti.

Áherslur skólans og almennar fyrirbyggjandi aðgerðir:

Áhersla á jákvæðan, lýðræðislegan skólabrag


Vinna með áherslur í sýn skólans og leitast við að láta þær einkenna vinnubrögð og viðmót starfsmanna

Öflugt samstarf heimila og skóla frá byrjun skólagöngu

Markviss innleiðing Uppbyggingarstefnu og regluleg notkun „verkfæra“ sem henni fylgja  
Reglulegir bekkjarfundir þar sem rætt er um samskipti innan hópsins og við aðra  
Fræðsla um einelti fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk  
Heimsóknir, t.d. frá lögreglu, sálfræðingi eða öðrum sem koma að eineltismálum eða  
hafa jafnvel orðið fyrir einelti  
Opin umræða um einelti í bekkjardeildum, t.d. með lestri á sögum og umræðum um  
einelti, hegðun, samskipti og líðan  
Stuðningur við kennara og aðra starfsmenn með menntun og fræðslu  
Reglulegar kannanir þar sem spurt er um einelti  
Aðstoðarmenn úr hópi bekkjarfélaga fyrir nýja nemendur 2. – 10. bekkjar  
Gott samstarf vinabekkja þar sem eldri nemendur eru hvattir til að gæta þeirra yngri  
Skipulagðir leikir og leikjastöðvar í frímínútum  
Virg gæsla í vinnuhléum, á göngum, í matsal, á útisvæði og í íþróttahúsi  
Skipulag kennslu taki mið af þjálfun nemenda í samvinnu og samstarfi  
Áhersla á góða bekkjarstjórnun, reglusemi og öguð vinnubrögð  
Þjálfun kennara í viðtalstækni vegna eineltismála  
Skilvirkt upplýsingaflæði  
Regluleg endurskoðun eineltisáætlunar Giljaskóla.

## Ábendingar til umsjónarkennara

Við leiðbeinum nemendum um eftirsóknarverða hegðun  
Við gerum bekkjarsáttmála með bekknum  
Við skilgreinum Mitt hlutverk – Þitt hlutverk og minnum reglulega á það  
Við minnum nemendur á hlutverk á göngum, í matsal, í íþróttahúsi, í sundlaug, á  
ferðalögum og á skólalóð  
Við fjöllum um þarfir einstaklinga og samstöðu um að allir geti uppfyllt þarfir sínar í  
skólanum  
Við höldum reglulega bekkjarfundi þar sem m.a. er leyst úr ágreiningsmálum  
Við höfum eftirlit með líðan nemenda í frímínútum með fyrirsurnum og samstarfi við þá  
sem sinna eftirliti  
Við hvetjum nemendur og foreldra til að gera okkur viðvart ef þeir hafa grun um að  
einhver sé misrétti beittur  
Við ræðum við samstarfsfólk og nemendur og biðjum ákveðna aðila um að fylgjast með  
nemendum sem eru í áhættuhópi eða grunur leikur á að verði fyrir áreiti/einelti  
Við fjöllum markvisst um samskipti og veitum nemendum sérstaka fræðslu um ofbeldi og  
einelti og afleiðingar þess  
Við gefum nemendum kost á að undirrita yfirlýsingu um vilja sinn til að leggja sitt af  
mörkum í baráttu gegn hvers kyns ofbeldi í skólanum  
Við biðjum nemendur um að skrifa um líðan og bekkjaranda  
Við gerum tengslakönnun í bekknum  
Við gerum skólafundina að griðastað þar sem öllum nemendum líður vel  
Við kennum nemendum um HLUTVERK sem einstaklingar velja sér í eineltismálum og  
hvetjum þá til að taka stöðu varnarmanns, sjá mynd.



## 5. Ferli eineltismála

Eineltismál eru ólík og því verður að miða viðbrögð við hvert einstakt tilfelli. Nauðsynlegt er að bregðast strax við og setja af stað ákveðið vinnuferli.

Vinnuferli skólans má skipta í Könnunarferli (K) og Aðgerðaferli (A).

### Könnunarferli

Grunur um einelti tilkynnist til umsjónarkennara, skólastjórnenda og aðgerðateymis.

Umsjónarkennari gerir foreldrum/forráðamönnum viðvart (ef ábending kemur ekki þaðan) og biður þá að fylgjast með líðan barns í tiltekinn tíma. Þeir ræða við barnið daglega og skrá, með skipulögðum hætti, það sem fram kemur.

Umsjónarkennari leitar eftir frekari upplýsingum frá kennurum, starfsfólki skólans, foreldrum og nemendum.

Umsjónarkennari heldur fund með kennurum og starfsmönnum sem annast viðkomandi nemenda. Þeir fylgjast með þolanda og geranda í ákveðinn tíma og halda skrá yfir það sem þeir verða varir við.

Umsjónarkennari leggur fyrir tengslakönnun og/eða spurningalista um líðan í bekk.

### Aðgerðaferli

Umsjónarkennari leggur upplýsingar sem hann hefur aflað fyrir aðgerðateymi skólans. Ef álitíð er að um einelti sé að ræða kemur til frekari framkvæmda.

Aðgerðateymi vinnur með umsjónarkennara að upprætingu eineltisins og áætlun þar um er kynnt viðkomandi starfsmönnum innan skólans.

Foreldrar/forráðamenn þolanda og geranda eru kallaðir til samráðs.

Foreldrum er gerð grein fyrir:

hverjar aðgerðir skólans eru til að aðstoða þolanda og geranda og hvaða afleiðingar það hefur ef einelti heldur áfram

hvað foreldrar geta sjálfir gert til að aðstoða barn sitt

mikilvægi samstarfs varðandi eftirfylgni máls

að foreldrum geranda og þolanda standi til boða stoðþjónusta skólans (námsráðgjafi, sálfræðingur).

Áætlunin er kynnt foreldrum/forráðamönnum geranda og þolanda. Leitað er eftir góðri samvinnu þeirra við að fylgja áætlun og stöðva eineltið.

Umsjónarkennari og/eða aðili úr aðgerðateymi ræðir einslega við geranda og þolanda.

Áætlun er gerð um tímamörk og mat á aðgerðum.

Skil á milli þessara ferla eru ekki alltaf skýr. Þannig getur umsjónarkennari ráðfært sig við einstaklinga úr aðgerðateymi um öflun upplýsinga í könnunarferli (K). Þá getur kennari enn fremur hafist handa við aðgerðir til að uppræta mögulegt einelti á könnunarstigi.

**Mikilvægt er að:**

Öll málsatvik, mat á aðstæðum og framvinda séu færð til dagbókar og ákveður

aðgerðateymi hver er ábyrgur fyrir því hverju sinni

Fyllsta trúnaðar sé gætt við meðferð eineltismála

Tveir aðilar taki viðtal við gerendur. Það undirstrikar alvöru málsins og kemur jafnframt í veg fyrir misskilning

Umsjónarkennari – námsráðgjafi hitti þolanda og geranda reglulega og hafi reglulegt samband við foreldra

Byggja upp gott samstarf við forráðamenn

Í öllum tilvikum séu gefin skýr skilaboð um að einelti verði ekki liðið og að skólinn muni með öllum ráðum tryggja að einelti sem upp kemur ljúki strax.

**Aðgerðaáætlun getur m.a. falið í sér:**

Aukna gæslu sem miðar að því að stöðva einelti

Viðtöl við foreldra viðkomandi nemenda

Tengslakönnun í bekk

Breytta sætisskipan í bekk

Vinakerfi

Umfjöllun í bekk um einelti og eineltisyfirlýsingu skólans

Aukna áherslu á samskiptabók

Stuðning frá öðrum starfsmönnum

Birtingu aðgerðaáætlunar, t.d. öllum foreldrum í bekknum

Fund með öllum foreldrum eða hluta þeirra

Tímabundin aukin/hert viðurlög við einelti.

## 6. Foreldrar – er barn ykkar lagt í einelti?

Mögulegar vísbendingar:

Barnið virðist einangrað eða einmana

Einbeitingarörðugleikar, barnið hættir að sinna námi og einkunnir lækka

Barnið neitar að fara í skólann eða hræðist að fara eitt í og úr skóla, biður um fylgd og/eða fer aðra leið  
Barnið skrópar og/eða kemur of seint  
Breytingar á skapi, tíður grátur, viðkvæmni  
Árásargirni og erfið hegðun  
Lítið sjálfstraust, hræðsla, kvíði, svefntruflanir  
Breyttar matarvenjur, lystarleysi eða ofát  
Líkamlegar kvartanir  
Áverkar, rifin föt og/eða skemmdar eigur  
Barnið týnir peningum og/eða öðrum eigum  
Barnið forðast ákveðnar aðstæður í skólanum t.d. leikfimi og sund  
Barnið neitar að segja frá hvað amar að.

#### Hvað getið þið gert?

Rætt við og hlustað á barnið segja frá starfinu í skólanum og ferðum til og frá skóla  
Haft samband við umsjónarkennara, námsráðgjafa, stjórnendur skólans og/eða forráðamenn gerenda  
Brugðist við vanda barnsins með þolinmæði og umhyggju  
Látið barnið finna að það á ekki sök á eineltinu.

## 7. Foreldrar - er barn ykkar gerandi?

#### Mögulegar vísbendingar:

Barnið er árásargjarnt og sýnir yfirgang  
Barnið uppnefnir, stríðir og hótar  
Barnið stjórnar vinum og útilokar einhvern úr vinalópnum  
Barnið er ógnandi í samskiptum  
Barnið talar niðrandi um aðra.

#### Hvað getið þið gert?

Gefið barninu skýr skilaboð um að einelti er alvarlegt mál og slík hegðun verði ekki liðin  
Fylgst vel með barninu og lagt ykkur fram um að kynnast vinum þess og hvernig það ver frítíma sínum  
Haft samband við skólann og fengið aðstoð við að bæta og breyta hegðun barnsins.

## 8. Foreldrar - fylgist með samskiptum barna

Einelti viðgengst oft vegna þess að nemendur vilja ekki vera stimplaðir sem klöguskjóður. Ræðið við börnin ykkar um muninn á því að klaga og segja frá. Með því að segja frá er hugsanlega verið að koma öðrum til aðstoðar sem líður illa.

Foreldrar eru bestu kennarar barna sinna og grunnur að góðum samskiptum er lagður á unga aldri. Foreldrar eru hvattir til að ræða um líðan og samskipti við börnin. Mikilvægt er að hafa strax samband við umsjónarkennara til að ræða áhyggjur af líðan barnsins í skólanum eða ef grunur vaknar um að einelti sé í gangi í félagahópnum. Gott upplýsingaflæði milli heimilis og skóla er forsenda þess að vel gangi að sporna við einelti.

## 9. Heimasíður og efni um eineltismál:

Heimasíður um einelti og samskiptamál:

Áfengis- og vímuvarnarráð <http://www.vimuvarnir.is>

Barna- og unglingsgeðdeild Landspítala Íslands (BUGL) <http://www2.landspitali.is/bugl/>

Barnaheill <http://www.barnaheill.is/>

Barnalög <http://www.domsmalaraduneyti.is/raduneyti/starfssvid/barnamal/>

Barnaverndarstofa <http://www.bvs.is/>

Doktor.is <http://www.doktor.is/>

Fjölskyldumiðstöðin á Heilsuverndarstöðinni <http://www.barnivanda.is/>

Foreldrahús <http://www.foreldrahus.is>

Geðrækt <http://www.ged.is/>

Götusmiðjan <http://www.gotusmidjan.is/>

Heimili og skóli <http://www.heimiliogskoli.is/einelti/>

Hitt húsið <http://www.hitthusid.is>

Hugarafli <http://www.hugarafi.is/?c=a8news3&id=2&lid=40&pid=>

Hugskot <http://frontpage.simnet.is/hugskot/>

Menntamálaráðuneytið <http://www.menntamalaraduneyti.is>

Olweus <http://www.olweus.is>

Persona.is <http://www.persona.is/index.asp>

Regnbogabörn <http://regnbogaborn.is>

SAFT <http://www.saft.is>

SÁÁ <http://www.saa.is>

Skoðun.is/einelti <http://www.skodun.is>

Rauði krossinn: Ef ég bara hefði vitað <http://rki.is>

Tóbaksvarnarnefnd <http://www.reyklaus.is/>

Tótalráðgjöf <http://www.totalradgjof.is>

Umboðsmaður barna <http://www.barn.is>

Námsefni og myndir um einelti:

Að vaxa úr grasi fyrir 1. til 5. bekk <http://namsgagnastofnun.is/allt-namsefni/vorunr/2788>

Gaman saman fyrir yngstu börnin <http://namsgagnastofnun.is/allt-namsefni/vorunr/1001>

Samvera - verum vinir fyrir yngsta stig og miðstig <http://namsgagnastofnun.is/allt-namsefni/vorunr/288>

Að ná tókum á tilverunni fyrir mið- og unglingsstig <http://namsgagnastofnun.is/allt-namsefni/vorunr/1251>

Saman í sátt – handbók um leiðir til að fást við einelti og samskiptavanda í skólum

<http://namsgagnastofnun.is/allt-namsefni/vorunr/997> Í bókinni má m.a. finna leiðbeiningar í viðtalstækni við gerendur og þolendur eineltis auk þess sem í henni er spurningalisti sem leggja má fyrir nemendur til að kanna stöðu mála. Spurningarlistinn er aðgengilegur á [http://www.nams.is/pdf/saman\\_spurn.pdf](http://www.nams.is/pdf/saman_spurn.pdf)

Í sátt og samlyndi. Áhersla er á samskiptafærni og reiðistjórnun. Sérstakar kennslustundir eru tileinkaðar einelti og yfirgangi. Um er að ræða kennsluleiðbeiningar með vinnublöðum til ljósritunar <http://www.nams.is/allt-namsefni/vorunr/1028>

Einelti—helvíti á jörð. Heimildarmynd með viðtölum við fórnarlömb eineltis <http://www.nams.is/allt-namsefni/vorunr/2881>

Katla gamla - Leikin mynd eftir sögu Iðunnar Steinsdóttur <http://www.nams.is/allt-namsefni/vorunr/3236> Myndinni fylgja nýútkomnar kennsluhugmyndir á pdf:

[http://www.nams.is/katla\\_gamla/katla\\_gamla\\_klb.pdf](http://www.nams.is/katla_gamla/katla_gamla_klb.pdf)

Ýmsir leikir, Þjóðleikhúsið — <http://fd.leikhusid.is/Forsida/Leiklistiskolum/>

Bækur um einelti/áreitni/stríðni:

Andersen, H.C.: Ljótí andarunginn

Andrés Indriðason: Mundu mig, ég man þig

Arnheiður Borg: Valli á enga vini

Arnheiður Borg: Rut fer í nýjan skóla; Rut á afmæli; Rut og Gunnar; Rut og raddirnar tvær

Auður Jónsdóttir: Heillaráð Ófeigs; (smásaga í 23. apríl), Félag Íslenskra bókaútgefenda 2004

Birkeland, Thøger: Lassi í baráttu; Æskan, 1983

Carpelan, Bo: Boginn; Paradís; Iðunn, 1968 og 1973

Eðvarð Ingólfsson: Hnefaréttur; Æskan, 1981

Egill Egilsson: Sveindómur; Iðunn, 1979

Elfa Gísladóttir: Solla bolla; Solla bolla og Támína

Fossum, Gunnvor: Vertu Hugrökk Lilla

Friðrik Erlingsson: Litla lirfan ljóta (Myndband)

Golding, William: Höfuðpaurinn; (Lord ogf the flies), AB, 1970

Gribe, Maria: Elvis Karlsson; Elvis, Elvis; Hagprent, 1978 og 1979

Guðmundur Ólafsson: Klukkubjófurinn klóki

Guðrún Helgadóttir: Bækurnar um Jón Odd og Jón Bjarna; Í afahúsi

Gunnhildur Hrólfsdóttir: Þið hefðuð átt að trúa mér

Hallfríður Ingimundardóttir: Pési og verndarenglarnir; Mál og menning, 1998

Hartmann, Evert: Einn í stríði

Haugen, Tormod: Náttfuglarnir; Jóakim; Iðunn, 1981 og 1985

Helga Ágústsdóttir: Ekki kjafta frá

Helgi Jónsson: Skotin! Saga um vináttu

Herdís Egilsdóttir: Vatnsberarnir; AB, 1992

Jacobson, Gun: Bróðir minn frá Afríku; Æskan, 1978

Janson, Tove: Pípuhattur galdrakarlsins; Örn og Örlygur, 1992

Janus, Grete: Láki – skemmtilegu smábarnabækurnar 7, Bókaútgáfan Björk

Janus, Grete: Stubbur – skemmtilegu smábarnabækurnar 4 Bókaútgáfan Björk

Karl Helgason: Í pokahorninu; Vaka Helgafell, 1990

Kirkegaard, Ole-Lund: Gúmmí Tarsan; JPV, 2002

Kristín Steinsdóttir (Léttlestrarbækur): Trú, von, Kærleikur; Ugly sat á kvisti; Átti börn og misti; Eitt, tvö, þrjú; Og það varst þú

Kristín R. Thorlacius: Sunna þýðir sól; Muninn, 1999

Kristín Helga Gunnarsdóttir: Mói hrekkjusvín; Mál og menning 2000

Lindgren, Astrid: Bróðir minn ljónshjarta; Mál og menning, 1991

Ljone, Oddmundur: Villtur vegar

Guðrún Ásmundsdóttir: Lóma; Höfundur 2000

Marinó L. Stefánsson: Dís í Dunhaga

Nöslinger, Christine: Skólasögur af Frans; Sögur af Frans

Ragnheiður Gestsdóttir: Leikur á borði; Vaka Helgafell, 2000

Ragnar A. Þorsteinsson: Röskir strákar og ráðsnjallir

Ragnheiður Jónsdóttir: Í Glaðheimum

Sigríður Eypórsdóttir: Lena Sól

Stark, Ulf: Ekki bara töffarar

Stefán Jónsson: Fólkið frá Steinshóli; Óli frá Skuld

Thor, Annika: Sannleikann eða áhættuna; Æskan, 1999

Thorvall, Kerstin: Pétur og Sóley Valgeir

Skagfjörð: Saklausir Sólardagar Vestly,

Anne-Cath: Óli alexander á flugi

Þorsteinn Marelsson: Milli vita

Jón Sveinbjörn Jónsson: Pétur hittir Svart og Bjart; PP forlag, 2002